

Samþykkt fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar

Umboð

1. gr.

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Ráðið skal haga störfum sínum í samræmi við innkaupastefnu og innkaupareglur Reykjavíkurborgar, auk laga um framkvæmd útboða og laga um opinber innkaup eftir því sem við á hverju sinni.

Verksvið

2. gr.

Innkaupa- og framkvæmdaráð fer með ákvarðanatöku um og eftirlit með innkaupum Reykjavíkurborgar samkvæmt lögum um opinber innkaup, innkaupareglum og samþykktum ráðsins. Jafnframt skal ráðið móta stefnu og reglur um innkaup Reykjavíkurborgar, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Hlutverk innkaupa- og framkvæmdaráðs er nánar skilgreint í innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

Innkaupa- og framkvæmdaráð skal yfirfara allar upplýsingar og yfirlit sem ráðinu berast og beina athugasemdum og ábendingum um það sem betur má fara til sviðsstjóra og/eða eftir atvikum viðkomandi fagráðs. Innkaupa- og framkvæmdaráð getur óskað eftir nánari upplýsingum eða skýrslum um innkaup frá öllum sem fara með innkaup innan Reykjavíkurborgar þegar ástæða þykir til og þá getur ráðið einnig boðað sviðsstjóra eða fulltrúa þeirra til fundar við sig og óskað skýringa á innkaupum.

Innkaupa- og framkvæmdaráði er heimilt að stöðva framkvæmd kaupanda á samningi tímabundið ef ekki liggur skýrt fyrir að samningi hafi verið komið á í samræmi við reglur þessar eða lög. Berist ekki fullnægjandi skýringar til innkaupa- og framkvæmdaráðs innan 72 klukkustunda frá því beiðni um upplýsingar var send kaupanda skal innkaupa- og framkvæmdaráð leggja til við borgarráð að kaupandi stöðvi framkvæmd samningsins þar til innkaupa- og framkvæmdaráð hefur aflétt tímabundinni stöðvun.

Að loknu innkaupaferli yfir viðmiðunarfjárhæðum laga um opinber innkaup og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra skal kaupandi leggja rökstudda tillögu um val á samningsaðila eða höfnun á öllum tilboðum fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð til samþykktar.

Val á samningsaðila eða höfnun allra tilboða í örútbóð á grundvelli rammisamnings og lokuðu útbóði og grundvelli gagnvirks innkaupakerfis skal fara fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð til samþykkis sé virði örútbóðsins eða lokaða útbóðsins yfir kr. 100.000.000,- án virðisaukaskatts.

Val á samningsaðila við veitingu sérleyfis og innkaupaferla á grundvelli veitutilskipunarinnar yfir viðmiðunarfjárhæðum viðeigandi laga og reglugerða skal á sama hátt leggja fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð til samþykkis.

Kaupandi skal fyrirfram óska heimildar innkaupa- og framkvæmdaráðs til samningskaupa án undangenginnar útboðsauglýsingar, nema slík heimild hafi verið sett fram í fyrirliggjandi útboðsgögnum.

Innkaupa- og framkvæmdaráð tekur afstöðu til vals á samningsaðila, heimildar til samningskaupa og höfnun tilboða á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla og útboðsgagna hverju sinni.

Komi upp ágreiningur milli kaupanda og innkaupa- og framkvæmdaráðs getur hvor um sig vísað honum til borgarráðs. Þá getur innkaupa- og framkvæmdaráð ávallt vísað málum til borgarráðs ef ráðið kýs svo.

Hlutverk ráðsins er að taka afstöðu til tillagna um val á samningsaðila í kjölfar innkaupaferils, eins og nánar skilgreint er í innkaupareglum Reykjavíkurborgar. Við það mat á ráðið eingöngu að horfa til þess hvort rétt hafi verið staðið að innkaupaferli með tillit til laga, reglna og útboðsskilmála hverju sinni.

Við eftirlit styðst innkaupa- og framkvæmdaráð m.a. við þau yfirlit um innkaup samkvæmt eftirlitsáætlun. Ráðið skal fara yfir eftirlitsáætlun skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar Reykjavíkurborgar þar sem framkvæmd eftirlitsáætlunar er metin.

Innkaupa- og framkvæmdaráð skal samþykkja tillögu um eftirlitsáætlun og rekstraráætlun innkaupa. Innkaupa- og framkvæmdaráð getur hvenær sem er lagt til breytingar á eftirlitsáætlun og rekstraráætlun innkaupa. Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar ber ábyrgð á að fylgja áætlunum eftir. Sé ágreiningur á milli kaupanda og/eða skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar og innkaupa- og framkvæmdaráðs varðandi eftirlitsáætlun eða rekstraráætlun innkaupa skal innkaupa- og framkvæmdaráð vísa ágreiningi til borgarráðs, ásamt umsögn.

Getur ráðið jafnframt óskað eftir nánari upplýsingum eða skýrslum um innkaup frá sviðum og stofnunum Reykjavíkurborgar þegar ástæða þykir til.

Ráðið skal beina athugasemdum og ábendingum um það sem betur má fara í innkaupamálum til viðkomandi kaupanda.

Verði ráðið þess áskynja að það alvarlegir ágallar séu á meðferð innkaupamáls að þörf sé á íhlutun, vísar ráðið því til borgarráðs með tillögu að afgreiðslu eins og nánar er skilgreint í innkaupareglum.

3. gr.

Telji bjóðendur eða seljendur vöru, verka og þjónustu að á rétti sínum hafi verið brotið eða meðferð innkaupamála hjá Reykjavíkurborg sé ábótavant, en málið heyrir ekki undir kærunefnd útboðsmála, er þeim ætíð heimilt að beina erindi þar um til innkaupa- og framkvæmdaráðs. Kvörtun skal berast innkaupa- og framkvæmdaráði skriflega innan 20 daga frá því kvartandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi, sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Varði kvörtun ákvörðun innkaupa- og framkvæmdaráðs skal innkaupa- og framkvæmdaráðs vísa henni áfram til borgarráðs ásamt umsögn ráðsins.

Skipan

4. gr.

Innkaupa- og framkvæmdaráð er skipað fimm fulltrúum, kjörnum af borgarstjórn, og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann, og skal hann vera borgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Innkaupa- og framkvæmdaráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

5. gr.

Formaður innkaupa- og framkvæmdaráðs er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum. Skrifstofustjóri skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins.

Boðun funda og fundarsköp

6. gr.

Innkaupa- og framkvæmdaráð heldur að jafnaði fund annan hvern fimmtudag.. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk tveggja fulltrúa í ráðinu um fund ber að verða við því.

Fella má niður fundi í alls tvo mánuði á ári, að sumarlagi og í kringum almenna frídaga.. Almennt skal miða við að fundur falli niður liggja ekki fyrir afgreiðslu tillaga um val á samningsaðila í kjölfar innkaupaferils.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við skrifstofustjóra skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar Reykjavíkurborgar og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin fyrir mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði auk þess sem hún skal birt á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar eftir því sem við á.

Skrifstofustjóri skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar Reykjavíkurborgar og/eða lögfræðingur skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar Reykjavíkurborgar og lögmenn embættis borgarlögmanns eru innkaupa -og framkvæmdaráði til ráðgjafar og skulu þeir sitja fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Ráðið getur boðað starfsmenn Reykjavíkurborgar og stofnana hennar til fundar við sig og óskað skýringa á innkaupum.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

7. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar.

skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar Reykjavíkurborgar sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins.

Samráð

8. gr.

Ráðið skal leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til.

Innkaupa- og framkvæmdaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun er varðar hlutverk ráðsins.

Málsmeðferð

9. gr.

Við málsmeðferð skal innkaupa- og framkvæmdaráð gæta að vönduðum stjórnsýsluháttum. Í samræmi við 121. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup gilda einungis ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga um hæfi um ákvarðanir ráðsins samkvæmt lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup. Að öðru leyti gilda stjórnsýslulög ekki um þær ákvarðanir.

Innkaupa- og framkvæmdaráð getur ákveðið að óska eftir aðkomu innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar að einstökum málum eða beint erindum sem því berast til innri endurskoðunar til nánari skoðunar.

Samþykkt á fundi borgarstjórnar xxxx